	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 1 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

I. kafli. Gildissvið o.fl.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Verklagsreglur þessar gilda um framkvæmd rektorskosninga og er tilgangur þeirra að tryggja að framkvæmd kosninga til embættis rektors Háskóla Íslands sé í samræmi við ákvæði 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og að eðlilegar kröfur um leynilegar kosningar, réttindi kjósenda, örugga framkvæmd kosninga, uppgjör kosninga og rafræna kjörskrá kosninganna séu uppfylltar.

2. gr.

Orðskýringar.

Í verklagsreglum þessum gilda eftirfarandi orðskýringar:

Ugla: Innri vefur Háskóla Íslands sem allir starfsmenn og stúdentar háskólans hafa aðgang að með persónubundnu auðkenni.

Kosningakerfi: Hugbúnaður sem er notaður til að stjórna og framkvæma rafræna kosningu. Kerfið skiptist í auðkenningarhluta, kosningahluta og talningarhluta. Kerfið er vistað í Uglu.

Rafræn kjörskrá: Kjörskrá sem er rafræn.

Rafrænn kjörseðill: Kjörseðill sem kjósendur sjá í rafrænu viðmóti kosningakerfis og sýnir á milli hverra umsækjenda um embætti rektors er kosið og hvaða kjörskrá viðkomandi kjósandi tilheyrir, sbr. 5. og 6.tölul. 6.gr. reglna nr. 569/2009.

Rafræn kosning: Kosning þar sem einungis er kosið með rafrænni atkvæðagreiðslu í Uglu.


Auðkenning: Aðferð sem beitt er til að staðfesta auðkenni kjósenda. Hver kjósandi hefur persónubundið notendanafn og lykilorð.

II. kafli. Undirbúningur og skipulag.

3. gr.

Hlutverk kjörstjórnar.

Háskólaráð skipar kjörstjórn samkvæmt 1. mgr. 4. tölul. 6. gr. reglna nr. 569/2009. Verkefni kjörstjórnar er að hafa fyrir hönd háskólaráðs umsjón með gerð kjörskrár,

	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 2 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

ákveða kjördag, annast framkvæmd kosningar, úrskurða í kærumálum vegna kosningar og annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í 6. gr. reglna nr. 569/2009.

Kjörstjórn ákveður fyrirkomulag kosningar og undirbýr hana svo sem varðandi útlit og gerð rafræna kjörseðla og talningu atkvæða, fylgist með framkvæmd hennar, fer yfir niðurstöðu talningar og staðfestir úrslit kosningar.

Að öllu leyti gilda ákvæði 6. gr. reglna nr. 569/2009 um kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors.

Þegar háskólaráð hefur skipað kjörstjórn ákveður kjörstjórn nánara fyrirkomulag kjörfundar.

Önnur atriði sem varða umgjörð, upplýsingar og kynningu í tengslum við kosninguna skulu vera í höndum undirbúningsnefndar rektorskjörs.

4. gr.

Undirbúningur kosninga.

Við hverjar rektorskosningar skipar háskólaráð undirbúningsnefnd sem í eiga sæti þrjú fulltrúar, valdir af háskólaráði. Undirbúningsnefnd rektorskjörs vinnur með mannauðssviði við gerð auglýsinga og birtingu þeirra, vinnur með markaðs- og samskiptasviði við skipulag kynningarmála og beri ábyrgð á öðru því sem ekki fellur beint undir verksvið kjörstjórnar og varðar framkvæmd kosninganna sjálfra.

5. gr.


Hlutverk mannauðssviðs, kennslusviðs og upplýsingateknisviðs.

Mannauðssvið tekur við umsóknum um embætti rektors og sér einnig um að svara erindum umsækjenda um mannauðsmál svo sem launakjör og önnur réttindi.

Mannauðssvið háskólans sér um að taka saman gögn svo hægt sé að útbúa kjörskrá starfsmanna háskólans og stofnana hans.

Stofnun sem gert hefur samning við Háskóla Íslands um samhliða störf er Landspítali – Háskólasjúkrahús.

Samstarfsstofnanir Háskóla Íslands, sem starfa á grundvelli sérлага eru; Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 3 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

Kennslusvið tekur saman gögn svo hægt sé að útbúa kjörskrá stúdenta háskólans.

Upplýsingatæknisvið háskólans gerir rafræna kjörskrá í samræmi við ákvæði þessara verklagsreglna.

Samkvæmt fyrirmælum kjörstjórnar annast upplýsingatæknisvið framkvæmd rafrænnar kosningar, þar með talið að auðkenna kjósendur, staðfesta atkvæðisrétt þeirra, rekstur kosningakerfis, talningu atkvæða og samantekt niðurstaðna kosningar.

III. kafli. Framkvæmd rafrænnar kosningar.

6. gr.

Framkvæmd og fyrirkomulag.

Skilyrði til þátttöku í rafrænni kosningu eru að nafn kjósenda sé á kjörskrá og að hann hafi auðkennt sig með fullnægjandi hætti áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Kjörstjórn og þeir starfsmenn upplýsingatæknisviðs sem hafa aðgang að kosningakerfinu, eða óviðkomandi aðilar, geta ekki aflað sér vitneskju um hvernig kjósendi greiddi atkvæði né breytt atkvæði hans, án þess að það sjáist í kerfinu.

Kjörfundur skal standa í tvo virka daga frá kl. 9 árdegis fyrri daginn til kl. 17 síðdegis seinni daginn að íslenskum tíma á kjördegi sem kjörstjórn ákveður, sbr. 7. tölul. 6. gr. reglna nr. 569/2009. Í auglýsingu kjörstjórnar um kosninguna á heimasíðu háskólans og í Uglu og með öðrum hætti sem kjörstjórn ákveður, skal koma fram hvenær kjördagur er og hvenær sólarhrings kosningin hefst og hvenær henni lýkur. Kjörstjórn birtir auglýsingu um kosninguna jafnskjött og ákvörðun um kjördag liggur fyrir.


7. gr.

Kosningakerfið.

Kosningakerfið er í eigu Háskóla Íslands og í umsjón upplýsingatæknisviðs háskólans. Vinnslunni í kerfinu má skipta í auðkenningarhluta, kosningarhluta og talningarhluta.

Í auðkenningarhluta er viðmót fyrir kjósenda þar sem hann er auðkenndur.

Í kosningarhluta er staðfest að kjósendi sé á kjörskrá og viðmót fyrir kjósenda þar sem hann getur greitt atkvæði.

	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 4 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

Í talningarhluta er viðmót fyrir úrvinnslu atkvæðagreiðslu, þ.e. talningu og tölfræðiúttekt.

Birta skal í Uglu upplýsingar um það hvernig kosningakerfið virkar.

Halda skal atburðadagbók um vinnslu og notkun kosningakerfisins.

8. gr.
Rafræn kjörskrá.

Upplýsingatæknisvið gefur út rafræna kjörskrá til afnota við rafrænar rektorskosningar samkvæmt ákvörðun kjörstjórnar. Á kjörskrá eru þeir sem uppfylla skilyrði 5. tölul. 6. gr. reglna nr. 569/2009.

Í samræmi við 6. tölul. 6. gr. reglna nr. 569/2009 skal kjörskrá birt með rafrænum hætti í Uglu þremur vikum fyrir kjördag. Á þeim tíma getur kjósandi kannað í Uglu hvort hann sé á kjörskrá og vægi atkvæðis síns. Kætur skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi viku fyrir kjördag og skal úrskurður kjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en einum sólarhring fyrir kjördag.

Á rafrænni kjörskrá skulu koma fram upplýsingar um nafn og kennitölu kjósenda og skal hún vera aðskilin frá kosningarhluta kerfisins.

9. gr.
Auðkenning og kosningarréttur kjósenda.

Áður en kjósandi getur greitt atkvæði í rektorskosningu skal hann auðkenna sig í kosningakerfinu. Kosningarréttur er staðfestur með uppfléttingu í hinni rafrænu kjörskrá.

Við auðkenningu kjósenda skal nota innskráningarbjonustu Uglu.


10. gr.
Hvernig kosning fer fram.

Eftir að auðkenning kjósenda hefur farið fram getur hann greitt rafrænt atkvæði í kosningakerfinu með hverskyns búnaði sem tengdur er við internetið.

Kjósandi skal greiða atkvæði sitt í einrúmi eða þannig að aðrir sjái ekki til.

Þegar atkvæðaseðill hefur verið fylltur út verður kjósandi að auðkenna sig aftur til þess að senda inn atkvæði sitt.

Kjörstjórn ákveður og tryggir að kjósandi geti greitt atkvæði á tilgreindum stað í húsnaði háskólans, þar sem til staðar er nauðsynlegur tækjabúnaður og hægt að veita tæknaðstoð.

	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 5 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

11. gr.

Rafrænir kjörseðlar.

Kjörstjórn skal láta gera rafræna kjörseðla í rektorskosningakerfinu, sbr. ákvæði 5. og 6. tölul. 6. gr. reglna nr. 569/2009.

Rafrænir kjörseðlar skulu þannig úr garði gerðir að kjósandi geti skilað atkvæði sínu auðu svo fram komi að hann hafi ekki tekið afstöðu til þeirra sem kosið er um.

Kjörstjórn felur upplýsingatæknisviði háskólans að setja rafrænan kjörseðil í kosningakerfið. Kjörstjórn skal staðfesta að kjörseðillinn sé rétt birtur í kerfinu.

12. gr.

Leynd við kosningu.

Tryggja skal leynd við kosningu þannig að atkvæði kjósanda verði ekki rakið til hans. Í kosningakerfinu er ekki unnt að tengja kjósanda við tiltekið atkvæði.

Háskóli Íslands skal fá óháðan aðila til að gera öryggisúttekt og tryggja öryggi á meðan á framkvæmd stendur.

13. gr.

Talning atkvæða og meðferð gagna eftir kosningar.

Að kjörfundi loknum, sbr. 7. tölul. 6. gr., skulu atkvæði talin og niðurstöður atkvæðagreiðslunnar teknar saman í talningarhluta kosningakerfisins.


Kjörstjórn skal sjá til þess að niðurstöður kosninga verði aðgengilegar kjósendum og almenningi.

Fjórum vikum eftir kosningar, talningu atkvæða og birtingu niðurstöðu, skal gögnum um kosningaþátttöku og atkvæðagreiðslu eytt.

14. gr.

Gagnsæi og eftirlit.

Upplýsingar um tæknilega tilhögun og framkvæmd rektorskosninganna skulu vera aðgengilegar í Uglu.

	<p>VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 6 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

IV. kafli. Aðgangur að kjörskrá.

15. gr.

Aðgangur framboða að kjörskrá.

Þegar auglýst hefur verið að gerð kjörskrár sé lokið, geta rektorsframbjóðendur óskað eftir aðgangi að kjörskrá hjá kjörstjórn.

Þær upplýsingar sem kjörskráin inniheldur eru: nafn, kennitala, tölvupóstfang, atkvæðavægi, starfstöð, starfsheiti, símanúmer og námsleið.

Aðgangur að kjörskrá skal veittur án endurgjalds.

Kjörstjórn skal veita aðgang að kjörskrá með öruggum hætti og eins og framast er unnt. Skal frambjóðandi staðfesta móttöku á kjörskránni.

16. gr.

Heimil not kjörskrár.

Heimilt er að nýta aðgang að kjörskrá til að koma upplýsingum á framfæri við kjósendur í aðdraganda kosninga, þó þannig að sjónarmið um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga séu virt.

Framboð skulu fara eftir skilmálum háskólaráðs um aðgang að skránni og rétta notkun á henni.

17. gr.

Óheimil not kjörskrár.


Óheimilt er að birta kjörskrá opinberlega eða miðla henni til þriðja aðila í heild eða að hluta. Aðgangur framboða að kjörskrá heimilar ekki merkingar við kjósendur í kjörskrá á kjördegi.

Óheimilt er að samkeyra kjörskrá við skrá sem hefur að geyma persónuupplýsingar nema að gættum ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

18. gr.

Eyðing gagna.

Kjörskrá og önnur tengd gögn sem frambjóðendur hafa í sínum vörslum, á hvaða formi sem er, skal eytt við fyrsta mögulega tækifæri eftir að notkun þeirra lýkur en þó eigi síðar en viku eftir kjördag. Frambjóðendur skulu tilkynna kjörstjórn um eyðingu gagnanna þegar hún hefur farið fram.

	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 7 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

V. kafli. Fjármál framboða.

19. gr.

Hámark framlaga frá einstaklingum og lögaðilum.

Rektorsframbjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum eða lögráða einstaklingum en 50.000 kr. Þessi hámarksfjárhæð skal uppfærð hverju sinni miðað við vísitölu neysluverðs.

Undanþegnir hámarki framlaga eru afslættir af vörum og þjónustu sem veittir eru af markaðsverði og standa öðrum viðskiptamönnum almennt til boða og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Þá skal frambjóðandi einnig gera grein fyrir slíkum framlögum í sínu uppgjöri.

20. gr.

Uppgjör og upplýsingaskylda.

Rektorsframbjóðendur skulu innan tveggja mánaða frá kosningu rektors skila uppgjöri vegna framboðs síns til háskólaráðs. Birta skal öll framlög *lögaðila* og öll framlög *einstaklinga* sem eru metin á meira en 5.000 kr. og skal sú upphæð uppfærð hverju sinni miðað við vísitölu neysluverðs.

VI. kafli. Háttarni frambjóðenda og stuðningsmanna.

21. gr.

Háttarni frambjóðenda og stuðningsmanna.


Frambjóðendum er heimilt að festa upp og dreifa kynningarefni á háskólasvæðinu. Markaðs- og samskiptasvið getur aðstoðað við hönnun á kynningarefni sé þess óskað.

Gæta skal hófs og háttvísi í símtölum við aðila á kjörskrá og miða við að ekki sé hringt oftár en einu sinni í hverri umferð.

Óheimilt er að senda fjöldapósta til starfsfólks og nemenda.

Stjórnendur svo sem sviðsforsetar, deildarforsetar og formenn námsbrauta skulu ekki senda fjöldapósta til stuðnings einstökum frambjóðendum.

Undirbúningsnefnd rektorskjörs, sbr. 4. gr., skipuleggur kynningarfundir með frambjóðendum í samráði við markaðs- og samskiptasvið.

	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð kjörskrár.</p>	<p>Bls. 8 af 8 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 5. júní 2025.</p> <p>Málsnúmer: HI24120085</p>
---	--	---

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

22. gr.

Laga- og reglustoð.

Verklagsreglur þessar eru settar af háskólaráði 5.6.2025 með stoð í 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Verklagsreglur þessar koma í stað verklagsreglna um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænnar kosningar til embættis rektors Háskóla Íslands og gerð rafrænnar kjörskrár sem síðast voru uppfærðar af háskólaráði 05.12.24. Verklagsreglur um þetta efni voru fyrst settar af háskólaráði 5.2.2015.